



Ályktun haustþings SSA 2026

Haustþing Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 2026 kallar eftir breyttri nálgun ríkisins gagnvart Austurlandi sem einu helsta verðmætasköpunarsvæði þjóðarinnar. Ný efnahagsgreining staðfestir það sem fyrri greiningar hafa sýnt: þrátt fyrir að aðeins um 2,8% landsmanna búi á Austurlandi er framlag landshlutans til íslensks efnahagslífs langt umfram íbúahlutfall. Austurland stendur undir stórum hluta útflutnings þjóðarinnar og orkuframleiðslu, landsframleiðsla á mann er yfir landsmeðaltali og atvinnulífið skapar ríkinu verulegar skatt- og gjaldekjur.

Niðurstaðan er skýr: Austurland skilar ríkissjóði hagnaði.

SSA er stolt af þeirri stöðu og vill að svo verði áfram. Austurland er ekki að biðja um ölmusu heldur um skynsamlega og sanngjarna fjárfestingu í þeim forsendum sem gera landshlutanum kleift að halda áfram að skapa verðmæti fyrir þjóðina. Fjárfesting ríkisins í innviðum á Austurlandi er ekki aðeins kostnaður heldur fjárfesting sem skilar sér margfalt til baka í aukinni verðmætasköpun, útflutningi, atvinnu og tekjum ríkissjóðs. Betri samgöngur, traustir orku- og fjarskiptainviðir og góð opinber þjónusta styrkja samkeppnishæfni þeirra atvinnugreina sem fyrir eru og skapa jafnframt forsendur fyrir nýjum fjárfestingum og frekari vexti.

Haustþing SSA hefur áhyggjur af gagnstæðri þróun. Á sama tíma og ríkisfjárfestingum á Austurlandi er frestað og opinber starfsemi ríkisins er hlutfallslega lítil hefur skatt- og gjaldtaka aukist. Veiði- og fiskeldisgjöld vega þar þungt og fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts á baðlón er dæmi um breytingu sem getur grafið undan fjárfestingum sem þegar hefur verið ráðist í og dregið úr hvata til frekari uppbyggingar.

Þessi þróun snertir ekki aðeins atvinnulífið. Aukin skattheimta, þar á meðal kílómetragjaldið og hækkun þess, leggst hlutfallslega þyngra á íbúa landsbyggðarinnar, þar sem vegalengdir eru meiri, almenningssamgöngur takmarkaðar og einkabíllinn oft nauðsynlegur til að sækja vinnu og grunnþjónustu. Slík gjaldtaka er því í reynd landsbyggðarskattur ef ekki er tekið tillit til ólíkra aðstæðna fólks eftir búsetu.

Það er mótsögn í því að stjórnvöld kalli eftir aukinni fjárfestingu, nýsköpun og öflugri byggðum utan höfuðborgarsvæðisins en auki samtímis álögur á fyrirtæki og íbúa þeirra svæða sem þegar leggja hvað mest af mörkum til þjóðarbúsins.

SSA krefst þess að ríkisstjórnin og Alþingi horfi á heildarmyndina. Austurland þarf ekki sérmeðferð heldur sanngjarna hlutdeild og skilyrði til áframhaldandi vaxtar. Fyrirheit um uppbyggingu innviða verða að endurspeglast í raunverulegum fjárfestingum og skatt- og gjaldastefna ríkisins má ekki vinna gegn sömu markmiðum.

Austurland gegnir mikilvægu hlutverki í verðmætasköpun þjóðarinnar og býr yfir miklum möguleikum til frekari uppbyggingar. Til þess þarf að tryggja landshlutanum sanngjarna hlutdeild í opinberri fjárfestingu, trausta grunninnviði og skilyrði til vaxtar. Slík fjárfesting styrkir samfélögin á Austurlandi og skilar um leið ávinningi til þjóðarbúsins alls. Það er fjárfesting sem margborgar sig.